

Ráðstefnur & fundir

Kynningar:
Hótel Borealis
Icelandair hótel
Reykjavík Natura
HljóðX

LAUGARDAGUR 25. MARS 2017



Afslöppuð fundaraðstaða á Hótel Borealis

Hlaðan á Hótel Borealis er kjörin fyrir ráðstefnur, fundi og hópefli. ➔2

Hlaðan á hótél Borealis er kjörin fyrir ráðstefnur, fundi og hópefli.

Hótelið er í fallegu og afslöppuðu umhverfi við rætur Búrfells í Grímsnesi. Skammt frá Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Akstursfjarlægð frá Reykjavík er um klukkustund.

Rýmin eru tvö, hlaða og fjós.

Gott aðgengi er að útisvæði þar sem meðal annars er hægt að kveikja varðeld.

Á hótelinu eru 40 herbergi og og heitur pottur utandyra þar sem hægt er að njóta norðurljósa í fallegu umhverfi.

Fallegur veitingasalur sem tekur allt að 200 manns í sæti. Áhersla er lögð á ljúffenga rétti úr íslensku hráefni. Sjón er sögu ríkari.

Nánari upplýsingar í síma: 561 3661 eða netfang: hilmar@hotelborealis.is www.hotelborealis.is



Hótél Borealis er glæsilegt sveitahótél. Þar er afslappað umhverfi sem hentar vel vinnuhópum sem vilja ró og næði. Fallegur veitingasalur og ljúffengur matur. Ráðstefnusalir með allri nútíma tækni.



Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439

Veffang: visir.is



FUNDURINN Á EKKI AÐ BYRJA MEÐ VESENI

GRÆJURNAR ÞURFA AÐ VIRKA!



HljóðX sérhæfir sig í heildarlausnum fyrir funda- og ráðstefnusalir. Fyrir stór og lítil fyrirtæki, hótél og veitingastaði og önnur samkomuhús

Einfalt, smekklegt og ekkert veseni!

Hafðu samband við
sérfræðing okkar í síma 553-3050

HLJÓÐX





Icelandair hótel Reykjavík Natura og forverar þess eiga ríkulega sögu þegar kemur að því að hýsa ráðstefnur, fundi og alls konar viðburði að sögn Bjarkar Óskarsdóttur, veitingastjóra hjá Icelandair hótel Reykjavík Natura. MYND/EYFÓR

Þjóna viðskiptavinum af mikilli reynslu og alúð

Níu misstóra sali má finna á Icelandair hótel Reykjavík Natura sem hýsa 10-300 manns. Hótelið býður upp á úrval veitinga fyrir allar tegundir viðburða og gott starfsfólk. Allir ættu því að finna eitthvað við sitt hæfi.

Icelandair hótel Reykjavík Natura og forverar þess eiga ríkulega sögu þegar kemur að því að hýsa ráðstefnur, fundi og alls konar viðburði tengda fjölskyldunni. Hótelið býr yfir níu misstörum söllum sem hýsa á bilinu 10-300 manns. Það er því ljóst að fyrirtæki og fjölskyldur af öllum stærðum og gerðum ættu að finna eitthvað við sitt hæfi þar, segir Björk Óskarsdóttir, veitingastjóri hjá Icelandair hótel Reykjavík Natura. „Meðal ólíkra viðburða sem við höfum hýst undanfarin ár fyrir fyrirtæki má nefna minni stjórnarfundir upp í stærri fyrirtækjafundi. Hvort sem það eru hálfir eða heilir fundadagar hjá fyrirtækjum erum við ávallt tilbúin að taka þátt í skemmtilegum uppkomum, t.d. í tengslum við veitingar, með litabema, leikjum eða hverju sem kemur upp í hugann. Allir salir okkar standast tækniröfufur sem viðskiptalífð væntir í dag.“ Meðal vinsælli viðburða nefnir Björk þá sem fjölskyldan sameinast við, t.d. brúðkaup, afmæli, fermingar eða skírn. „Einnig má nefna viðburði á borð við visindaferðir, vinnsmökkun, fræðslu um bjórbrugg eða samkomur hjólahópa.

Frá upphafi hafa rekstraradilar hótelsins einnig verið miklir frumkvöðlar í veitingahúsarekstri að



Níu misstórir salir eru á hótelinu sem hafa litlum og stórum fyrirtækjum og alls kyns viðburðum tengdum stórum sem smáum fjölskyldum.

sögn Bjarkar og lifa margar sterkar hefðir enn í rekstri hótelsins í dag. „Það er ein stór ástæða þess að margar stórar ættir eiga sér langa sögu í að halda upp á ýmsa viðburði innan fjölskyldunnar á þessu hóteli. Þrátt fyrir ríkar hefðir hefur líka farið fram hér mikil nýsköpun í þróun veitinga í gegnum árin, þegar ekki voru svo margir staðir í Reykjavík.“

Frábærar veitingar

Auk úrvals sala og ríkra hefða býður hótelið upp á frábært úrval veitinga fyrir allar tegundir viðburða og reynslumikið og gott

starfsfólk sem þjónar viðskiptavinum af mikilli alúð. „Úrvalið af góðum veitingum hjá okkur er endalaust ef svo má segja. Brónsinn á veitingastaðnum Satt er orðinn vel þekktur og nú erum við farin að bjóða upp á hann líka á föstudögum. Matreiðslumenn okkar leggja sig fram við að verða við óskum gesta og er gaman að segja frá því að innan hóps okkar er fjölbreytileiki í þjóðerni sem við höfum nýtt okkur til að sem flestir njóti. Að öðru leyti byggir matreiðsla okkar mest á fersku og góðu hráefni og reynum við að nota sem mest íslenskt hráefni. Einnig tökum við

virkan þátt í því að gera gesti okkar meðvitaða um matarsóun.“

Góð staðsetning

Starfsfólk Reykjavík Natura er gott og reynslumikið að sögn Bjarkar sem segir hótelið stolt af starfsfólki sínu. „Við erum hluti af stærra fyrirtæki, Icelandair hótels, sem hefur lagt sig fram við að þjálfa starfsfólk sitt. Til þess var Hótelklassinn stofnaður sem heldur utan um öll námskeið og fræðslu til starfsmanna. Þess má einnig geta að Icelandair hótel útskrifar flesta iðnnema í matreiðslu og framreiðslu á landinu í dag.“

Við hótelið er fjöldi bilastæða og staðsetningin er góð en bæði er stutt í miðbæinn og flugvöllinn. „Hér sameinast t.d. fjölskyldur í bróns áður en farið er í hjólaferð eða göngutúr um Nauthólsvíkina og nágrenni. Margir erlendir gestir hafa t.d. aldrei séð sjóinn og finnast nálægðin við hann, frábær. Svo má geta þess til gamans í lokin að ef gestir vilja koma á þyrllu hingað, þá er stæði fyrir hana fyrir utan gluggann hjá okkur.“

Nánari upplýsingar má finna á www.icelandairhotels.com/is/hotelin/natura.

Tæknilausnir fyrir alla fundi

HljóðX býður upp á heilan heim lausna fyrir ráðstefnur, fundi og aðra viðburði þar sem tæknimálin þurfa að vera í lagi.

HljóðX sérhæfir sig í heildarlausnum fyrir funda- eða ráðstefnusali, hvort heldur sem er í fundarherbergjum stórra og minni fyrirtækja, á hótélum, veitingastöðum eða stærra húsnæði á borð við íþróttasali. „Hvort sem þörf er á tveimur hátölurum og einum hljóðnema á litlum fundi eða stórum flatskjáum og öðru sem þarf til að halda fjölmenna ráðstefnu, þá erum við með rétta tækniúnaðinn,“ segir Ingólfur Arnarson framkvæmdastjóri. Einnig er hægt að fá búnað fyrir fundi í heimahúsum.

„Við leitumst við að hafa tækniúnaðinn sé bæði áreiðanlegan og hagkvæman. Þegar við höfum sett hann upp er ekkert sem á að geta farið úrskaiðis. Við hugsum út frá því að búnaðurinn sé einfaldur í notkun, ekki sist fyrir fundi og ráðstefnur þar sem allt þarf að ganga vel fyrir sig.“

Búnaður af fullkornustu gerð

HljóðX hefur langa reynslu af tæknilegum lausnum og er eitt fremsta fyrirtæki landsins á þessu sviði. „Við erum alltaf með búnað af nýjustu og fullkornustu gerð frá heimspektum framleiðendum, sem eru með leiðandi vörumerki

„Við erum alltaf með búnað af nýjustu og fullkornustu gerð frá heimspektum framleiðendum, sem eru með leiðandi vörumerki á markaðnum.“

á markaðnum. HljóðX er með umboðið fyrir Harman samsteypuna og fyrir stærri viðburði erum við með teymi frá þeim til aðstoðar,“ segir Ingólfur en á stórum fundum eða ráðstefnum er tækniúnaður frá HljóðX á staðnum.

Kaupa eða leigja?

Hjá HljóðX er hægt að leigja eða kaupa einstaka hluti, svo sem þráðlausa hljóðnema, hátalara, ljósabúnað, leiksvið og fleira. „Við bjóðum upp á faglega ráðgjöf og föst verðtilboð í hönnun, uppsetningu, sölu og leigu á hljóð-, ljósa- og myndakerfum,“ segir Ingólfur. „Við setjumst niður með viðskiptavinum okkar og förum yfir hverju þeir þurfa á að halda. Síðan er allt



undirbúið og allur búnaður settur upp og gert klárt innan þess tímaramma sem unnið er eftir.“

HljóðX er einnig með verslun sem selur hljóðfæri og minni hljóðkerfi sem henta tónlistarfólki vel.

Verkefni HljóðX

HljóðX hefur komið að tæknimálum og séð um tækniúnað á mörgum af stærstu viðburðum hérlandis. „Í fyrra sáum við um nær allan tækniúnað fyrir Secret Solstice hátíðina. Við vorum með

stærstu og öflugustu útívangana á Menningarnótt og sáum um allan tækniúnað fyrir RÚV á Arnarhóli og Stöð 2 og Bylgjuna í Hljóm-skálagarðinum. Við erum með búnað og mannskap til að sinna stærstu sem smæstu verkefnum.“

„Við hugsum út frá því að búnaðurinn sé einfaldur í notkun, ekki sist fyrir fundi og ráðstefnur þar sem allt þarf að ganga vel fyrir sig,“ segir Ingólfur.

MYND/ERNIR

TIL HAMINGJU



- **Rósbjörg Jónsdóttir** með What Works - The International Summit of Social Progress, Harpa, apríl 2017 (300 gestir)
- **María Rúnarsdóttir** með International Federation of Social Workers - Europe conference, Harpa, maí 2017 (700 gestir)
- **Unnur Pétursdóttir** með International Conference of Physiotherapy in Psychiatry and Mental Health, Hilton, apríl 2018 (200 gestir)
- **Guðrún Björt Yngvadóttir** með Lions Clubs International Board of Directors Meeting, Hilton, apríl 2019 (150 gestir)
- **Sigríður Guðrún Suman** með European Biological Inorganic Chemistry Conference Series - EUROBIC 15, Háskóla Íslands, ágúst 2020 (500 gestir)
- **Steinunn Birna Ragnarsdóttir** með International Society for the Performing Arts - ISPA conference, Harpa, júní 2021 (500 gestir)

Við hjá Meet in Reykjavík erum stolt af þessum flottu athafnakonum og ambassadurum okkar sem hafa stuðlað að komu ofantaldra ráðstefna

Við hvetjum alla þá sem ganga með hugmynd að ráðstefnu eða viðburði í maganum að hafa samband við okkur og við hjálpumst að við að stuðla að nýsköpun og þekkingu í landinu